

Ólöglegar og óskráðar fiskveiðar við Afríku sunnan Sahara (IUU: Illegal, Unregulated and Unreported Fishing).

eftir Guðmund Val Stefánsson verkefnisstjóra fiskimála ÞSSÍ í Mósambík



Hér verður fjallað um ólöglegar fiskveiðar á miðunum við Afríku sunnan Sahara en strandlengjan þar er um 21 þúsund kílómetra löng og hafsvæðið innan landhelgi er um 7.8 millíón ferkílómetrar. Það gefur auga leið að vandasamt er að hafa stjórn á fiskveiðum á svo stóru svæði. Málið snýst einnig um ólöglegar veiðar í innlands vötnum sem samtals eru um 165 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli á þessu svæði. Til dæmis veiðast um 800 þúsund tonn á ári í

Víktoríuvatni sem skapar verðmæti upp á 590 milljónir Bandaríkjadala eða þar um bil. Fjórar stærstu árnar á þessu svæði eru um 18.270 kílómetrar að lengd og þær gefa af sér gríðarmikið af fiski.

Um 200 milljónir Afríkubúa eru háðir því að fá prótein frá fiski og um 10 milljónir hafa atvinnu af sjávarútvegi og fiskveiðum. Verðmætasköpun í sjávarútvegi er á bilinu 1–6% af vergri þjóðarframleiðslu flestra þessara þjóða en mun hærra hlutfall er í Úganda og Malaví og ýmsum eyríkjum á svæðinu.

Ef við lítum aðeins á heildarstöðu fiskveiða í heiminum eru um 75% af öllum fisktegundum fullnýttar og um 35% ofveiddar. Heimurinn þarf stöðugt meiri fisk, Kínverjar neyttu 32.5 milljóna tonna af fiskmeti árið 1997 og búist er við að Kína þurfi 52.5 milljónir tonna árið 2020. Það undirstrikar mikilvægi á auknu fiskeldi því ekki er búist við að afli á úthöfum aukist. Við blasir að framboð á fiski minnkar og fiskverð hækkar sem eykur gróðavon og ólöglegar fiskveiðar. Nýlega seldist kílóíð af Bluefin túnfiski á 742.45 Bandaríkjadali á fiskmarkaði í Tókíó.

Vandamálinu má skipta í þrjá þætti.

Umhverfisþáttur - Bjarga fiskistofnum í útrýmingarhættu.

Efnahagsþáttur - Koma í veg fyrir gríðarlegt efnahagsleg tjón sem lendir á löglegum fiskveiðum hjá hverri þjóð og kemur hart niður á fátækum fiskimannasamfélögum víða í Afríku.

Pólítískur þáttur - Verja eignarétt auðlinda viðkomandi þjóða innan þeirra landhelgi.

Í nýlegri skýrslu "Global Extent of Illegal Fishing" er heildarskaði af ólöglegum fiskveiðum metinn á rúmlega 10 milljarða Bandaríkjadala á ári og vísindamenn við Imperial College í London meta ólöglegar fiskveiðar við Afríku sunnan Sahara virði um 1 milljarðs Bandaríkjadala á meðan heildarútflutningstekjur af löglega veiddum fiski frá

sama svæði er um 2.7 milljarðar dala. Á þessu stóra hafsvæði er mikið af fiskiskipum án veiðileyfa og sigla undir vafasömum fánum, sumir jafnvel án fána og nafns. Margir breiða yfir nafn og númer þannig að það ekki sjáist t.d. á mynd sem tekin er frá gervihnetti eða úr flugvél.

Þó nokkuð er um að þessi skip losi sig við aflann um borð í birgðaskip sem fara með fiskinn á markað. Einnig er mikið um ólöglegar veiðar staðbundinna sjómanna sem ekki hafa veiðiheimildir og/eða veiða verulegt magn af tegundum sem þeir mega ekki veiða. Varðandi innlands fiskveiðar er einnig mikið um ólöglegar veiðar á svipuðum nótum og hjá staðbundnum sjómönnum að viðbættri notkun dýnamítssprengja við veiðar, sem mikill umhverfissaði hlýst af.



Tekjumissir sem hlýst af ólöglegum veiðum kemur verst niður á fátækum þjóðum. Árið 2005 birti flotaforingi í bandaríska sjóhernum mat á tapi nokkurra þjóða vegna ólöglegra fiskveiða, miðað við verga þjóðarframleiðslu viðkomandi landa. Sierra Leone tapaði að hans mati 8% af VbF (GDP), Mánítanía 6%, Líbería 5.5% og Guinea 4%. Talið er að Angóla verði af tæpum 100 milljónum dala tapi árlega vegna þessa og svipaða sögu má segja af flestum þeim löndum sem liggja að sjó á þessu svæði.

Þetta vandamál snýst ekki einvörðungu um peninga heldur það mikla ofbeldi sem veiðunum tengjast. Vandamálið er að erlend ólögleg fiskiskip hefja veiðar þar sem innlendir sjómenn eru að veiðum fyrir. Milli þessara hópa verða oft mikil átök og heimamenn missa báta og veiðarfæri og stundum tapast mannlíf. Þeir sjómenn sem hafa tapað miklu eða öllu hafa oft brugðið á það ráð að gerast sjóræningjar en þekkt dæmi um slíka þróun er frá Sómalíu. Mörg dæmi um stór sjórán undan ströndum Sómalíu hafa ratað í heimsfréttir en sjórán sem eru minni í sniðum eru vandamál mun víðar.

Ennfremur er talið að vandamálið hafi neikvæð áhrif á ferðamennsku í þessum löndum þar sem strandsamfélög eru illa stödd vegna fiskleysis sem leiðir af sér aukna fátækt og aukna glæpatíðni sem t.d. ferðamenn verða fyrir barðinu á. Þegar hafrannsóknir leiða í ljós að ákveðnir fiskistofnar eru full- eða ofnýttir vegna þess að stór hluti stofnanna hefur verið veiddur ólöglega þá bitnar það á löglegum sjómönnum sem þá fá ekki veiðileyfi vegna veiðibanns. En hinir ólöglegu halda samt áfram að veiða.

Hvað er til ráða?

Síðustu ár hafa margar stofnanir og ýmsir aðilar komið að þessu máli og ljóst er að með réttum aðgerðum má minnka verulega og jafnvel koma í veg fyrir þessar ólöglegu og óskráðu veiðar. Megináhersla er lögð á að ábyrgð á aðgerðum sé í höndum stjórnvalda viðkomandi landa og að nágrannalönd vinni saman að fiskveiðistjórnun og landhelgisgæslu. Aðgerðarpakkann má kalla "Integrated Coastal Management Concept" (ICM). Um er að ræða samspil sem stjórnvöld bera ábyrgð á, milli stjórnunaraðila fiskveiða og landhelgisgæslu um þróun fiskimanna samfélaga, verndun og meðferð hagsmuna og auðlinda, hafrannsóknir og samvinna milli landa.

Nýr verkefnastuðningur sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands ásamt utanríkisráðuneyti Noregs, hófst í lok síðasta árs og stendur til 2013. Hann snýst að miklu leyti um að styðja stjórnvöld í Mósambík í gegnum sjávarútvegsráðuneytið að efla og framkvæma slíkan aðgerðarpakka, ICM. Í gegnum þennan stuðning verður m.a. einnig lögð áhersla á að efla fiskimannasamfélög í Mósambík. Í flestum þessum samfélögum hafa verið stofnuð samfélagsráð. Þau bera ábyrgð á samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið varðandi innheimtu veiðileyfagjalda og útgáfu fiskveiðiheimilda og kvóta, sinna tilkynningaskyldu og hafa eftirlit með öryggi sjómanna. Ennfremur hafa þeir samvinnu við Hafrannsóknarstofnun landsins varðandi skráningu afla við landanir og fylgja eftir notkunarreglum á veiðarfærum. Einnig eru þeir milliliðir varðandi framkvæmd um starfsþjálfun sjó- og fiskvinnslufólks í fiskvinnslu og gæðastjórnun og sjá um framkvæmdir eins og að koma upp ísvélum, kæliými og einöngruðum flutningaílátum. Markmiðið er að auka lífsgæði þessa fólks með því að auka nýtni og gæði fiskafurða, lengja líftíma ferskra fiskafurða, ná þannig til mun stærra markaðsvæðis og þar með auka verðmæti afurðanna verulega. Ennfremur sinna þeir eftirliti og tilkynna um IUU sem, ef vel tekst til, leiðir af sér minkandi ólöglegar veiðar og þá kemur stærri hluti veiðanlegs afla í þeirra hlut. Einstaklingar í þessum samfélögum geta nú stofnað félög og fyrirtæki sem stunda atvinnurekstur, hafa bankareikning og aðgengi að smálánum. Um er að ræða 350 til 450 þúsund manns í umræddum fiskimannasamfélögum í Mósambík.

Verið að þróa verklagsreglur

Á alþjóðlegum samvinnuvettvangi er verið að þróa verklagsreglur og tækni til að auðvelda þeim sem stunda fiskveiðistjórnun að fyrirbyggja IUU. Í því sambandi má nefna:

- "International Monitoring Control and Surveillance Network" (MCS).

Um er að ræða alþjóðlega samvinnu um fiskveiðistjórnun og landhelgisgæslu til að auka skilvirkni og árangur við að hemja IUU.

- Þróun á alþjóðlegum gagnagrunni með skráningu upplýsinga um öll skip og báta veraldar stærri en tiltekið lágmark. Slíkur gagnagrunnum mun auðvelda t.d. skoðunarmönnum og landhelgisgæslu að finna út hjá hvaða þjóð viðkomandi bátur er skráður og í gegnum alþjóðlega samvinnu er hægt að taka viðkomandi bát hvar sem hann kemur í höfn.

- Skoðanir í höfnum. Öll skip þurfa á endanum að fara til hafnar. Skoðunarmenn frá viðkomandi yfirvaldi fara um borð og gerir skoðunarskýrslu. Ef sú skýrsla leiðir af sér grun um IUU eru gerðar viðeigandi ráðstafanir m.a. að athuga hvort viðkomandi bátur hafi áður fengið ákæru frá t.d. annarri höfn innanlands eða frá öðru landi.

- Þróun og samvinna um notkun á "Vessel Monitoring System" (VMS). Um er að ræða búnað sem settur er í skip og báta sem sendir upplýsingar um staðsetningu báts og aflaskýrslur á tölvutæku formi til fiskveiðistjórnunar aðila viðkomandi lands. Sambærilegt kerfi hefur lengi verið í notkun hjá íslenskum skipum og fiskveiðistjórnunaraðilum.

Heimildir frá framlögðum skýrslum og kynningum frá ráðstefnu um ólöglegar fiskveiðar við og í Afríku, 27.-29. janúar 2010, haldin í Höfðaborg í Suður Afríku.

Skýrslan: **The Global Extent of Illegal Fishing**

www.mrag.net/mrag/Documents/ExtentGlobalIllegalFishing.pdf